Torg í biðstöðu

sumarið 2017

Edda Ívarsdóttir, verkefnastjóri borgarhönnunar

Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Um verkefnið

Torg í biðstöðu verkefnið hefur verið í gangi á torgum og almenningssvæðum í borginni frá árinu 2011. Verkefnið snýst um að lífvæða og endurskilgreina svæðin með tímabundnum lausnum. Svæðunum er úthlutað til hópa og einstaklinga sem vilja gera tilraunir til að glæða þau lífi. Verkefnið stendur að jafnaði yfir frá maí til september ár hvert.

Torg í biðstöðu er í grunninn skipulagstæki og er fyrst og fremst ætlað að stuðla að sjálbærri þróun svæða, auka fjölbreytta notkun almennings á svæðunum og þar með að auka möguleika þeirra og fá almenning, íbúa, rekstraraðila og aðra hagsmunaaðila til að sjá möguleikana sem felast í svæðinu og að taka þátt í að þróa svæðið.

Verkefnastjórn Torg í biðstöðu í ár var í höndum Eddu Ívarsdóttur verkefnisstjóra borgarhönnunar og Ólafs Ingibergssonar sérfræðings á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Hlemmur

Markaðsbásar/skýli í samstarfi við Hlemm - Mathöll

Aðstandendur Hlemms – Mathallar höfðu samband við verkefnastjóra Torg í biðstöðu í janúar 2017 og leituðu eftir samstarfi við að koma á laggirnar útimarkaði á Hlemmi sumarið 2017 í tengslum við opnun mathallarinnar, sem þá var áætluð um vorið.

Mjög vel tókst til við hönnun og smíði básana sem einnig nýtast farþegum strætó á meðan beðið er eftir vögnum. Básarnir eru stílhreinir, ríma vel við innréttingarnar á Hlemmi og eru eðlilegt framhald Mathallarinnar út á torgið. Básarnir eru þannig gerðir að þeir þola veður og vind vel svo þeir ættu að endast til nokkurra ára. En þar sem opnun Mathallarinnar dróst fram á Menningarnótt varð lítið úr mörkuðum á svæðinu í sumar. Rekstaraðilar Mathallarinnar hyggjast þó reyna að standa fyrir mörkuðum á svæðinu í haust/vetur og næsta sumar.

Frakklandsgarður

Hallgrímsbekkur

Hópur sem kallaði sig Lúpínu hannaði og smíðaði bekk í Frakklandsgarðinn. Bekkurinn er á þremur pöllum og nýtist bæði sem borð og sætisaðstaða. Útlit bekkjarins sótti innblástur í Hallgrímskirkjuturn og var því kallaður Hallgrímsbekkur.

Bekkurinn var gerður úr járngrind sem klædd var með timbri. Mögulegt er að taka bekkinn í sundur og geyma og setja upp aftur síðar. Bekkurinn tekur sig vel út í garðinum og talsvert er um að fólk noti hann. Gert er ráð fyrir að bekkurinn fái að standa áfram í garðinum í vetur.

Fógetagarður

Matvagnatorg

Þar sem ákveðið var að halda ekki áfram með Krás í Fógetagarði í ár var ákveðið að setja upp matvagnatorg í Fógetagarði. Auglýst var eftir áhugasömum matvögnum á torgið og gerður samningur við þrjá vagna sem sóttu um pláss á torginu.

Hópurinn Lúpína, sem einnig gerði bekkinn í Frakklandsgarði, var fengin til að hanna og smíða skýli í miðjan garðinn sem nýst gæti gestum matvagnanna sem skjól fyrir vætu auk þess sem þar væri hægt að halda litla viðburði.

Þegar allir matvagnar voru komnir í rekstur og búið að reisa skýlið í garðinum, skapaðist mjög góð stemning. Fyrir menningarnótt voru ljósaseríur hengdar upp í skýlið og fyrir hinsegin daga var það skreytt með gay pride fánum.

Í byrjun september var tekin ákvörðun um að framlengja torg í biðstöðu verkefninu í Fógetagarði til áramóta og halda áfram með matvagnana þar auk þess sem skýlið fær að standa á meðan.

Vitatorg

Flóamarkaðir

Á Vitatorgi voru smíðaðir sætispallar og haldnir flóamarkaðir í sumar. Nær allur efniviður var fenginn frá Sorpu og verkefnið allt unnið með áherslu á umhverfisvernd og endurnýtingu.

Markaðirnir gengu mjög vel og talsverður fjöldi sem greip tækifærið til að selja og/eða kaupa ýmiskonar varning. Einnig náðist ágætt samstarfi við Kaffi Vínyl á Hverfisgötu sem sá um að spila tónlist á nokkrum markaðsdögum auk þess sem Kex Hostel bauð upp á kaffi.

Óðinstorg

Bílastæði breytt í torg

Ákveðið var að halda áfram með verkefnið frá því í fyrra á Óðinstorgi. Torgið var málað og settir upp sætispallar.

Óðinstorg hefur fyrir löngu sannað sig sem eiginlegt torg þó það sé notað sem bíla-stæða stærstan hluta úr árinu. Þar er alla jafna nokkuð mannlíf fyrir tilstuðlan rekstursins sem er við torgið. Samkeppni um hönnun varanlegs torgs á Óðinstorgi fór fram fyrir nokkrum árum og því stefnt að framkvæmdum á því á næstu misserum.

Kátt í bænum

Barnamenningarviðburðir

Haldnir voru fimm viðburði í sumar til-einkaðir börnum og barnamenningu. Áhersla var lögð á að svæðin sem unnið var með undir merkjum Torg í biðstöðu væru notuð fyrir viðburðina auk annarra svæða í miðborginni.

Góð mæting var á flesta viðburði og al-menn ánægja með að staðið væri fyrir viðburðum fyrir börn í miðborginni. Fá svæði í miðborginni taka tillit til barna og áhugasviðs þeirra og því væri áhugavert að halda áfram með tilraunir með verkefni á borð við þetta til að gera barnamenningu hærra undir höfði - enda vill Reykjavíkur-borg vera borg fyrir alla.

Pop-up Yoga

Yoga-viðburðir í almenningsrými

Eins og undanfarin ár styrkti Torg í biðstöðu Pop-up Yoga Reykjavík til að standa fyrir yoga-tímum utandyra í almenningsrýmum.

Alls voru haldnir 18 pop-up yoga viðburðir í sumar og var mæting alla jafna mjög góð. Pop-up yoga setur skemmtilegan lit á borgina þegar viðburðirnir eru í gangi og eru góð viðbót við fjölbreytta flóru afþreyingar í borginni.

Lunch beat

Dansað í hádeginu

Sex sinnum í sumar hópaðist fólk saman í sumar til að dansa utandyra í hádeginu. DJ Dóra Júlía spilaði klukkutíma prógram á götum og torgum fyrir gesti og gangandi. Notuð voru svæðin sem unnið var með undir merkjum Torg í biðstöðu og göngu-götusvæðið.